Reglur um tilnefningu bæjarlistamanns Kópavogs

1. Lista- og menningarráð Kópavogs veitir ár hvert listamanni sem búsettur er í Kópavogi nafnbótina Bæjarlistamaður Kópavogs. Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur í samræmi við fjárhagsáætlun bæjarins ár hvert að lágmarki kr. 1.500.000,-
2. Lista- og menningarráð auglýsir eftir umsóknum og/eða óskar eftir rökstuddum ábendingum um bæjarlistamann, en er þó ekki bundið af slíkum ábendingum. Skal umsóknum og/eða ábendingum skilað í síðasta lagi 16. apríl ár hvert. Bæjarlistamaður skal tilnefndur um miðjan maí og skal listamaðurinn bera titilinn í eitt ár.
3. Listamenn, sem hafa framfæri af list sinni að einhverju eða öllu leyti og eiga lögheimili í Kópavogi, eiga rétt á að sækja um nafnbótina og starfsstyrkinn hverju sinni. Ef um hóp listamanna er að ræða þarf meirihluti þeirra að falla undir skilgreininguna. Í umsókninni skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um náms- og starfsferil viðkomandi og á hvern hátt listamaðurinn hugsi sér að nýta styrkinn við listsköpun. Umsókn skal skilað á rafrænu formi á kopavogur.is.
4. Útnefning bæjarlistamanns Kópavogs er gerð í þeim tilgangi að efla áhuga bæjarbúa og annarra á listum og listsköpun innan bæjarfélagsins og um leið að vekja áhuga á þeim listamönnum sem búa og/eða starfa í Kópavogi. Þegar umsóknir eru metnar er tekið mið af náms- og starfsferli umsækjanda og því á hvaða hátt umsækjandi hyggst leggja sitt af mörkum til lista- og menningarlífi bæjarins.
5. Gert er ráð fyrir að að minnsta kosti þriðjungur starfsstyrksins verði varið í menningarviðburði sem unnir eru í samráði við lista- og menningarráð og bæjarbúar fái notið. Undir lok tímabilsins skal bæjarlistamaður rita greinargerð fyrir lista- og menningarráð um þau verkefni sem hann vann að sem bæjarlistamaður Kópavogs.
6. Lista- og menningarráð mælist til þess að bæjarlistamaður Kópavogs veki athygli á nafnbótinni sem víðast.

Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 24. apríl 2018

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026